

Innanríkisráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2015

Efni: Drög að lagafrumvarpi um breytingar á þinglýsingarlögum

Viðskiptaráð þakkar fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um drög að breyttum þinglýsingarlögum. Með drögunum er lagður grundvöllur að rafrænum þinglýsingum skjala en nái frumvarpið fram að ganga verður mögulegt að þinglýsa öllum skjölum rafrænt. Í 13. gr. frumvarpsdraganna kemur fram að ráðherra skuli ákveða hvaða tegundum skjala megi þinglýsa rafrænt. Í greinargerð með frumvarpsdrögunum kemur fram að fyrst um sinn verði aðeins veðskjölum og fylgiskjölum þeirra þinglýst rafrænt.

Viðskiptaráð fagnar því að loks standi til að færa þinglýsingar í nútímalegt horf hér á landi. Tekur ráðið undir það sem fram kemur í greinargerð með frumvarpsdrögunum um að brýnt sé að breyta þunglamalegu kerfi yfir í hraðvirka og notendavæna rafræna þjónustu. Slíkt fyrirkomulag er í samræmi við það sem gerist í nágrannaríkjum Íslands. Að mati Viðskiptaráðs þarf að gæta þess að þessi vinna taki ekki of langan tíma og hvetur ráðið stjórnvöld til þess að flýta vinnu við innleiðingu algjörlega sjálfvirks kerfis.

Nú eru fimm ár síðan greiningarskýrsla á tæknilegri útfærslu rafrænna þinglýsinga kom út og fjögur ár frá því að ríkisstjórnin fól fjármálaráðuneytinu, innanríkisráðuneytinu og Þjóðskrá Íslands að stýra undirbúningi rafrænna þinglýsinga. Í umræddri greiningarskýrslu er áætlað að gera megi þinglýsingar að fullu sjálfvirkar á tveimur árum.¹ Líkt og áður sagði kemur fram í greinargerð að fyrst um sinn verði aðeins veðskjölum og fylgiskjölum þeirra þinglýst rafrænt en eftir því sem verkefninu vindur fram megi fjölga tegundum skjala sem þinglýsa megi rafrænt með breytingum á reglugerð. Að mati Viðskiptaráðs ætti að liggja fyrir skýr tímalína fyrir innleiðingu rafrænna þinglýsinga. Mikilvægt er að umrædd reglugerð verði uppfærð eins fljótt og unnt er þannig að þinglýsa megi sem flestum tegundum skjala með rafrænum hætti.

Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpsdrögunum fela rafrænar þinglýsingar í sér ótvírátt hagræði og mun innleiðing þeirra spara verulega fjármuni og tíma. Þá mun málmeðferðartími stytta og gæði þjónustu og öryggi í meðferð þinglýsinga aukast. Í áður nefndri greiningarskýrslu er gert ráð fyrir að sparnaður atvinnulífs og stjórnsýslu muni

¹ Skýrsluna má nálgast á eftirfarandi slóð:
http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/utgafa/Thinglysingar_rafraenna_skjala.pdf

nema hundruðum milljóna, einungis við það að þinglýsing veðskjala og fylgiskjala þeirra verði gerð rafræn.

Í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsdraganna kemur fram að ef vel takist til verði flestar þinglýsingar rafrænar og því mögulegt fyrir eitt sýslumannsembætti að sjá um allar þinglýsingar. Viðskiptaráð tekur undir þetta og bendir á að breytingu sem þessari fylgi gott tækifæri til rekstrarhagræðingar. Ráðið hefur fjallað um ítarlega um mikilvægi þess að auka framleiðni í opinberum rekstri til að nýta megi skattfé með sem bestum hætti.² Í þessu samhengi er ástæða til að undirstrika mikilvægi þess að sú hagræðing sem næst skili sér aftur til ríkissjóðs en verði ekki ráðstafað í önnur minna aðkallandi verkefni innan sýslumannsembættanna.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpsdrögin nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Marta Guðrún Blöndal
Lögfræðingur
Viðskiptaráðs Íslands

² Í riti Viðskiptaráðs *Hið opinbera, tími til breytinga* er lögð fram heildstæð sýn ráðsins á hlutverk, rekstur og fjármögnun hins opinbera. Ritið má nálgast á eftirfarandi slóð:
<http://www.vi.is/malefnastarf/utgafa/skyrslur/hid-opinbera/>